



## Agaferrill SMT

**Tvö tímabil ágúst til 31. jan. og 1. feb. til skólaloka**

### **Brot á skólareglu / munnleg áminning**

Dæmi : Hlaupa á gangi

Nemandi með húfu í kennslustund

### **Hvernig er tekið á málum**

Starfsmaður leysir málið á staðnum, þ.e.a.s. minnir á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli á jákvæðan hátt t.d. við göngum á ganginum.

Fari nemandi eftir fyrirmælum þá er málið úr sögunni (enginn stoppmiði, ekki talað við umsjónarkennara).

Fari nemandi ekki eftir fyrirmælum þá verður þetta skrifleg áminning.

### **Endurtekið brot á sömu skólareglu / skrifleg áminning**

Dæmi: Hlaupið á gangi þrátt fyrir áminningu

Nemandi tekur ekki niður húfu þrátt fyrir áminningu

### **Hvernig er tekið á málum**

Starfsmaður fyllir út stoppmiða og kemur honum til ritara. Ritari skráir miðann í Mentor og skilar honum til deildarstjóra. Umsjónarkennari fær boð um miðann.

Hafi nemandi fengið 5 stoppmiða eru foreldrar látnir vita. Umsjónarkennari lætur vita og ræðir við nemandann, fyllir út samtalsblað ásamt því að fara yfir stoppmiða og viðeigandi reglur. Nemandi vinnur uppbotarverkefni.

Hafi nemandi fengið 10 stoppmiða er boðað til fundar með foreldrum og nemanda.

Hafa skal í huga að skoða þarf hvert mál fyrir sig með tilliti til nemandans. Ávallt skal deildarstjóri sitja fund með umsjónarkennara og foreldrum.

Umsjónarkennari / deildarstjóri ákveða viðeigandi afleiðingu brotanna.

---

## Mögulegar afleiðingar fyrir nemendur að fengnum 10 stoppmiðum

- Foreldrar upplýstir
- Nemandi fær uppbótarverkefni
- Forréttindamissir
- Ýmis konar aðstoð í skólanum
- Skólakort
- Samningar
- Skrá inn / skrá út - markvisst eftirlit
- Björgin
- Eftirseta
- Foreldri sækir skólavist með nemanda

## Tillögur að uppbótarverkefnum

- Þrifa skólalóð
  - Raða skóm í anddyri
  - Þrifa borð og stóla í matsal
  - Þrifa glugga
  - Snyrta bókageymslur
  - Þurrka af á bókasafni og raða bókum
- 

## **Alvarlegt hegðunarbrot / skrifleg áminning**

Dæmi: Ofbeldi, hótanir, þjófnaður, skemmdarverk, vímuefnanotkun (líka tóbak), brunakerfi sett af stað, vopnaburður o.fl.

### **Hvernig er tekið á málum**

Starfsmaður fyllir út stoppmiða og kemur honum til ritara. Mikilvægt er að ritari skrái miðann í Mentor strax og láti umsjónarkennara / skólastjórnenndur vita. Nemanda er vísað til skólastjórnennda. Stjórnenndur ákveða framhaldið í samráði við foreldra og umsjónarkennara.

---

## Mögulegar afleiðingar fyrir nemandann

- Uppbótarverkefni
  - Eftirseta
  - Forréttindamissir: ferðir, frímínútur og fl.
  - Hegðunarsamningur
  - Aðhaldsfundir
  - Annað sem ákveðið verður
-